

Nd.

### **175. Frumvarp**

til laga um sildarleifar.

Flutningsm. Pjetur Jónsson og Stefán Stefánsson Eyf.

1. gr.

Öllum sildarbræðslumönnum og lifrarbræðslumönnum á Íslandi er skylt að gæta svo til, að sjór taki eigi neinar leifar af bræddri nje óbræddri sild eða lifur frá bræðslustöðum þeirra, eða að óhollusta stafi af leifum þessum fyrir menn eða fjenað.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða 100--500 króna sektum, er renna að hálfu í landssjóð, en að hálfu í sveitarsjóð, þar sem sektin fellur.

3. gr.

Mál, sem rísa út af brotum á lögum þessum, skal farið með sem opinber lögreglumál.